

Minnisblað

Dagsetning: 22. febrúar 2022

Höfundur: Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir,


Viðtakandi: Willum Þór Þórsson heilbrigðisráðherra

Málsnúmer/skjalalykill: 21011462


Efni: Minnisblað sóttvarnalæknis um afléttingu opinberra sóttvarnaaðgerða innanlands vegna COVID-19.

Í síðasta minnisblaði sóttvarnalæknis dags. 9. febrúar sl. var rakið afléttingaferli á opinberum sóttvarnaaðgerðum innanlands vegna Covid-19 sem hófst 29. janúar sl. Eins og sjá má á línuritum hér að neðan þá var Covid-19 faraldurinn í línulegum vexti lengst af í janúarmánuði en í kjölfar afléttinganna 29. janúar þá fór hann í veldisvöxt en hefur aftur verið í línulegum vexti undanfarna daga (sjá línurit hér að neðan).

Fjöldi daglegar smita af völdum Covid-19; fimm daga hreyfanlegt meðaltal (5-day moving average).



Uppsafnaður fjöldi daglegra smita af völdum Covid-19.



Þegar að afléttingaferlið hófst þ. 29. janúar sl. var áformað að aflétta hér öllum takmörkunum innanlands í þremur þriggja vikna skrefum og var stefnt að afléttingu allra takmarkana um miðjan mars nk.

Stjórnvöld hafa nú ákveðið að flýta afléttingaferlinu nokkuð og þann 12. febrúar sl. var stigið annað skref í afléttingum með útgáfu reglugerðar nr. 177/2022 sem gildir til og með 25. febrúar 2022.

Undanfarna daga hafa greinst á milli 2.100 og 2.800 einstaklingar daglega með Covid-19 innanlands. Alvarlegum veikindum hefur hins vegar ekki fjölgað samsvarandi en vegna mikillar samfélagslegrar útbreiðslu þá eru smit að greinast í auknum mæli hjá inniliggjandi sjúklingum og heimilisfólki á hjúkrunarheimilum sem veldur miklum truflunum í rekstri. Útbreidd veikindi hafa einnig leitt til þess að veikindi og fjarvistir starfsmanna á ýmsum stofnunum hafa aukist umtalsvert sem hefur víða leitt til mikilla áskorana við að halda uppi óskertri starfsemi. Á Landspítala eru nú sem dæmi tæplega 500 starfsmenn frá vinnu vegna COVID-19 af 6.700 starfsmönnum.

Landlæknir hefur sent heilbrigðisráðherra yfirlit þessarar viku um mat stjórnenda á stöðu heilbrigðisstofnana, Landspítala, SAK og hjúkrunarheimila SFV. Þar kemur fram að staðan hefur aldrei verið þyngri og eru allt að 11% starfsmanna frá vinnu vegna Covid-19 (sjá viðhengi). Samhljóða mat kom fram á fundi umdæmislækna sóttvarna og sóttvarnalæknis í morgun og er víða erfitt að halda uppi grunnþjónustu. Mikið álag er á heilbrigðisstofnunum vegna veikinda starfsmanna og þyngist viku fyrir viku.

Á Landspítala leggjast nú inn 5-11 sjúklingar á dag, ýmis með eða vegna Covid-19 og er fjöldi þeirra sem útskrifast svipaður. Þannig hefur fjöldi inniliggjandi sjúklinga haldist nokkuð í horfinu en í dag eru 42 inniliggjandi á Landspítala með Covid-19 og einn liggur á gjörgæsludeild og er sá í öndunarvél. Á Sjúkrahúsinu á Akureyri liggja inni alls 10 sjúklingar með COVID-19, þrír vegna Covid-19, þar af einn á gjörgæsludeild í öndunarvél og sjö með Covid-19. Aukin samfélagsleg útbreiðsla hefur einnig leitt til þess að dauðsföllum eldri einstaklinga með ýmsa undirliggjandi sjúkdóma sem smitaðir eru af Covid-19 hefur fjölgað og er Covid-19 í flestum tilfellanna talinn eiga þátt í andlátunum. Það sem af er febrúarmánuði hafa 17 einstaklingar látist þar sem Covid-19 er tilgreindur sem samverkandi ástæða.

Þannig er Covid-19 nú að valda miklum erfiðleikum víða í samfélaginu vegna mikillar útbreiðslu en alvarlegar veikindi eru fátíðari en áður.

Eins og rakið hefur verið í fyrri minnisblöðum þá er helsta leiðin til að komast út úr Covid-19 að mínu mati sú, að hér skapist það gott samfélagslegt ónæmi gegn kórónaveirunni að hægi á faraldrinum og hann stöðvist að lokum. Eina leiðin til að hér náist víðtæku samfélagslegt ónæmi er að flestir smitist af kórónaveirunni því ljóst er að gott samfélagslegt ónæmi gegn smiti næst ekki með þeim bóluefnum sem okkur standa nú til boða þó þau verndi vel gegn alvarlegum veikindum. Þó ekki sé vitað hversu stórt hlutfall þjóðarinnar þarf að smitast til að hér náist viðunandi samfélagslegt ónæmi, þá er ekki óvarlegt að áætla að það sé um 80%. Í dag hafa um 110.000 manns verið greindir með Covid-19 og áætlað hefur verið út frá mótetnamælingum að svipaður fjöldi hafi smitast án þess að greinast. Ef það reynist rétt, þá má ætla að með núverandi fjölda daglegra smita muni 80% markinu vera náð eftir nokkrar vikur eða í seinni hluta mars mánaðar 2022.

Stjórnvöld þurfa því að haga opinberum sóttvarnaaðgerðum á þann veg, að fjöldi daglegra smita verði ekki meiri en svo, að hér skapist ekki ófremdarástand vegna útbreiddra veikinda. Ég tel því að stjórnvöld standi frammi fyrir eftirfarandi þremur kostum varðandi áframhaldandi sóttvarnaaðgerðir:

1. Óbreyttar sóttvarnaaðgerðir.

Með óbreyttum sóttvarnaaðgerðum er átt við að þær aðgerðir sem tóku gildi þ. 12. febrúar sl. með reglugerð nr. 177/2022 muni halda áfram óbreyttar. Þó að nokkur veldisvöxtur hafi sést í faraldrinum fyrstu dagana eftir að reglugerðin tók gildi þá hefur heldur hægst á vextinum undanfarið en ekki er hægt að segja að toppi hans sé náð. Líklegt er því að núverandi sóttvarnaaðgerðir séu að koma í veg fyrir stjórnlausu og mun meiri útbreiðslu.

Eins og rakið er hér að ofan þá hefur skapast alvarlegt ástand í rekstri heilbrigðisstofnana og ýmissa fyrirtækja vegna veikinda starfsmanna og á þessari stundu er ekki útséð hvort eða hvernig tekst að leysa þá stöðu.

Stjórnvöld verða því að leggja mat á það með fyrirtækjum (einkum heilbrigðisstofnunum og hjúkrunarheimilum) hversu vel þau eru í stakk búin til að halda sinni starfsemi gangandi með núverandi veikindaförföllum þar til að útbreitt samfélagslegt ónæmi hefur náðst. Með núverandi útbreiðslu smita gæti það tekið nokkrar vikur til viðbótar.

2. Hertar sóttvarnaaðgerðir.

Stjórnvöld þurfa að íhuga hvort staða heilbrigðisstofnana og hjúkrunarheimila sé það slæm vegna fjarvista starfsmanna og veikinda skjólstaðinga að nauðsynlegt sé að herða samfélagslegar aðgerðir umfram þær sem nú eru í gildi.

Í þessari bylgju faraldursins sem orsökuð er af ómicron afbrigði kórónaveirunnar hafa samfélagslegar takmarkanir hins vegar ekki skilað jafn augljósum árangri og þær gerðu í fyrri bylgjum faraldursins. Þegar daglegar smittölur eru hins vegar skoðaðar í samhengi við þær aðgerðir sem í gildi hafa verið sést að þær hafa á löngum köflum náð að halda faraldrinum línulegum vexti og þannig komið í veg fyrir stjórnlaus útbreiðslu.

Hertar aðgerðir myndu því að líkindum takmarka útbreiðslu frekar frá því sem nú er svo fremi að almenningur fari eftir þeim reglum sem í gildi væru.

Stjórnvöld verða því að leggja mat á það hvort nauðsynlegt sé að herða samfélagslegar aðgerðir umfram þær sem nú eru í gildi. Ef það yrði gert þá má búast við að það muni taka lengri tíma að ná hér viðunandi ónæmi samfélaginu.

3. Aflétting allra sóttvarnaaðgerða.

Aflétting allra sóttvarnaaðgerða mun vafalaust leiða til aukinnar útbreiðslu smita og mun þannig auka fjarvistir starfsmanna. Einnig er líklegt að alvarleg veikindi af völdum COVID-19 muni aukast sérstaklega hjá óbólusettum og einstaklingum með undirliggjandi sjúkdóma. Þessar afleiðingar yrðu hins vegar að öllum líkindum tímabundnar þar til að gott samfélagslegt ónæmi mun skapast.

Ef öllum sóttvarnaaðgerðum verður aflétt þá þarf eftir sem áður að auglýsa eftirfarandi vinnulag:

- Einstaklingum sem greinast með Covid-19 verði ekki lengur skylt að dvelja í einangrun en þess í stað yrðu gefin út tilmæli um að þeir haldi sig í einangrun í a.m.k. 5 daga frá greiningu. Þeir sem eru með lítil sjúkdómseinkenni geti mætt til vinnu með ákveðnum leiðbeiningum um sóttvarnir sem nú gilda fyrir þá sem undanþágu fá frá einangrun.
- Greining á Covid-19 myndi ekki byggja lengur eingöngu á greiningu með PCR prófi heldur myndi greining með hraðgreiningaprófum einnig gilda.
- Heilsugæslan og einkarekin fyrirtæki gætu boðið almenningi upp á greiningu með hraðgreiningaprófum sem ekki þyrfti að staðfesta með PCR prófi.
 - Sóttvarnalæknir myndi skrá jákvæðar niðurstöður úr hraðgreiningaprófum sem yrðu ígildi PCR greininga.
 - Gera þarf ráð fyrir opinberri notkun hraðgreiningaprófa a.m.k. út mars mánuð 2022.
- Jákvæðar niðurstöður á heimaprófi yrði ekki hægt að skrá í gagnagrunn sóttvarnalækni og þær þyrftu að staðfesta með opinberu hraðgreiningaprófi.
- PCR próf yrðu áfram notað samkvæmt ábendingu lækna til greiningar og fyrir ferðamenn vegna ferða til landa sem krefjast neikvæðra niðurstaða PCR prófa.
- Grímunotkun verði valkvæð sem og eins metra nándarregla.
- Óbreytt fyrirkomulag yrði út mars mánuð a.m.k. á eftirliti með þeim sem greinast með Covid-19 bæði hjá heilsugæslunni og covid göngudeild Landspítalans.
- Yfirvöld þurfa áfram að vera tilbúin að grípa til opinberra sóttvarnaráðstafana með litlum fyrirvara ef hingað berast ný afbrigði kórónuveirunnar sem valda alvarlegum sjúkdómi og ónæmi af fyrri sýkingum eða bólusetningum vernda illa gegn.

Stjórnvöld þurfa því að leggja mat á hvort aflétting allra sóttvarnaaðgerða á þessari stundu réttlæti þær afleiðingar sem muni hljóta að aukinni útbreiðslu faraldursins. Sérstaklega er hér verið að horfa til heilbrigðisstofnana og hjúkrunarheimila.

Yfirlit yfir stöðu mönnunar á heilbrigðisstofnunum og hjúkrunarheimilum í viku 8, 2022

Mat stjórnenda heilbrigðisstofnana og hjúkrunarheimila á stöðu mála vegna heimsfaraldurs - yfirlit viku 8 2022							
	1. Mönnun og vinnuálag (% frá vinnu vegna COVID)	2. Aðbúnaður	3. Hlíðar-búnaður	4. Rekstarvörur og lyf	5. Gæði og öryggi	6. Rauð flögg	7. Tölulegar upplýsingar
LSH - 22/2	~ 5%						
HH - dags. 21/2	~ 10%						
HVE - dags. /2							
Hvest - dags. 22/2	5%						
Sak - dags. 21/2	5,2%						
HSA. - dags. 21/2	9%						
HSU - dags. 21/2	~ 10%						
HSS - dags. 21/2	~ 2%						
HSN - dags. 21/2	11%						
SFV - dags. 21/2							

Annað / athugasemdir/nánari upplýsingar

LSH	<p>Deild A7 er að fullu nýtt fyrir COVID-19 veika sjúklinga og tekur deild A6 sömuleiðis við þeim sjúklingahópi. Margar deildir sinna sjúklingum með COVID-19, sem einnig eru innlagðir af öðrum orsökum en COVID-19 smiti. Allar deildir gera ráð fyrir að unnt sé að sinna COVID-19 smituðum á deildinni. COVID-19 smit eru nú á 14 legudeildum af 39</p> <p>Erfiðlega gengur að útskrifa sjúklinga í önnur úrræði vegna faraldurs víða í samfélaginu. Þetta veldur mikilli truflun á flæði sjúklinga og daglegum rekstri spítalans. Nú eru 10 skurðstofur af 18 opnar en voru 8. Unnið er að því að opna fleiri skurðstofur en ástæður þess að ekki næst að manna fleiri eru mönnun og COVID-tengdar ástæður. Landspítali er nú á hættustigi. Mönnun og flæði er sem fyrr helsta áskorunin. Flæði non-COVID sjúklinga er verulegt áhyggjuefni, sem og að COVID deildin (A7) er fullnýtt og hluti A6 sömuleiðis. Fjöldi sjúklinga</p>
HH	<p>Ekki komið til lokana. Forgangsröðun verkefna á flestum einingum vegna fjarvista. Veikinda/einangrunar fjarvistir hafa verið sl viku á bilinu 70-100 manns á dag - sem eru um og yfir 10% Mikið þússl víða. Undirmönnun á læknum er þó viðvarandi vandamál á ákveðnum starfseiningum</p>
HVE	<p>Upplýsingar bárust ekki.</p>
Hvest	<p>Læknamönnun er léleg á norðursvæði eins og áður, að nokkru ótengt covid en þó í þessari viku m.a. vegna þess að afleysingalæknir forfallaðist með covid. Bitist er um afleysingalækna. Smit hefur komist inn á tvær einingar af þremur á hjúkrunarheimilinu Eyri á Ísafirði. Tveir hafa látist 'með' covid.</p> <p>Meðal starfsfólks eru 10Takmörkun á innlögnum á Húsavík og dregið úr þjónustu.í einangrun (5%)</p>
HSN	<p>Heimsóknnum í heimahjúkrun á Akureyri er forgangsráðað. Vaxandi fjöldi starfsmanna í einangrun, staðan er sérstaklega þung á Húsavík og Akureyri og fer versnandi á Sauðárkróki, Fjallabyggð og Blönduósi. Auk þess er hópsmit inn á hjúkrunar og sjúkradeild á Húsavík en þar eru 7 smitaðir skjólstæðingar og 17 skjólstæðingar í sóttkví (útsettir). Smitaðir skjólstæðingar voru 9 en 2 hafa verið sendir á Akureyri. Á HSN eru 67 starfsmenn af 609 fjarverandi vegna Covid, eða 11%. starfsmanna. Um 20 manns vinna í vinnusóttkví B.</p>

Sak	<p>Mönnun er merkt gul en er mjög tæp og stutt í rautt ástand og SAK þar með á neyðarstig. Sjáum hverju okkar aðgerðir skila. 5 Daga deiid á Kristnesi hefur verið opnuð en hafði verið lokuð frá áramótum. Covid-19 sjúklingum verður sinnt í einangrun á almennun legudeildum en ekki sérstakri Covid-19 legudeild. Göngudeild vegna Covid-19 verður áfram opin á virkum dögum út þessa viku. Ætla má að um 100 aðgerðum hafi verið frestað í janúar 2022 vegna Covid-19 miðað við áætlun og hefðbundinn rekstur. skurðstofunefnd metur reglulega stöðuna og leggur til vikulegt aðgerðarþrógramm eftir aðstæðum. Samantekt um fjölda aðgerða sem frestað er verður gerð mánaðarlega. Allri bráðþjónustu er sinnt og einnig þjónustu sem ekki má fresta ss aðgerðum vegna krabbameins , blóðskilum og krabbameinslækningum (lyfjagjöfum). Ekki um að ræða gangainnlagnir en þar sem allmikið er um smitandi vírussýkingar hjá börnum (ekki Covid) þá er hætt við að reyni á einangrunargetu SAK.</p> <p>Í dag eru 9 sjúklingar innliggjandi með Covid-19. 3 vegna Covid-19 en 6 af öðrum orsökum Enginn er á gjörgæslu eða í öndunarvél.</p> <p>Starfsmenn frá vinnu vegna COVID eru 56 í einangrun . Á SAK starfa 688 starfsmenn. Þannig eru 8% starfsmanna i einangrun. Vegna fjölda starfsmanna sem eru fjarverandi vegna Covid-19 þá er mönnun deilda ófullnægjandi og þarf útköll en einnig þarf að draga úr valkvæðri þjónustu til að geta mannað bráðþjónustuna. Lítið er að fá úr bakvarðasveitinni eins og er en reynt verður að auglýsa eftir starfsfólki þar.</p>
HSA.	<p>Nú eru 9% starfsmanna HSA annaðhvort í einangrun eða sóttkví. Eðli máls samkvæmt hefur það áhrif á þá þjónustu sem HSA veitir og þörf fyrir forgangsröðun þjónustu.</p>
HSU	<p>Um 10 % fjarvera v. COVID, við erum því á gulu varðandi mönnun en annað í góðu standi. Við erum ennþá með tök á verkefnastöðunni hjá okkur og því ekki áhyggjur eins og er.</p>
HSS	<p>Engar sérstakar einangrunarstofur til staðar. 5 starfsmenn eru í einangrun vegna Covid.</p>

SFV	<p>Áframhaldandi mjög erfitt astand m.t.t mönnunar og vinnuálags, og má lítið út af bregða til að algert neyðarastand skapist á hjúkrunarheimilunum. Hér er mikilvægt að nú er til staðar möguleiki á undanþágu til vinnu í einangrun (ef einkennalaus og með veirumaska og fl.) í neyðartilfellum. Leggjum áherslu á mikilvægi þess að taka reglulega í vikunni stöðuna með hjúkrunarheimilunum og taka umræðu hvort að þörf sé á frekari aðgerðum til að tryggja starfsemi og þjónustu þeirra.</p> <p>Vekjum líka sérstaklega athygli á aukningu í dauðsföllum á hjúkrunarheimilum hjá einstaklingum sem hafa fengið Covid. Söfnun Embættis Landlæknis / sóttvarnalæknis á gögnum frá hjúkrunarheimilunum um smit og dauðsföll gefa væntanlega betri mynd af þessari mynd sem við erum að sjá og vekjum athygli Embættis landlæknis á.</p>
------------	--

Mat stjórnenda heilbrigðisstofnana á stöðu mála vegna COVID-19 faraldurs - skilgreining á litum			
Mönnun og vinnuálag Mælikvarðar: Fjöldi yfirvinnutíma, Fjöldi tíma frá bakvarðasveit	Vel mannað. Starfsmenn upplifa öryggi og vinna yfirvinnu þegar þess óskað. Vinnuálag við hæfi, lítil yfirvinna. Ekkert til að hafa áhyggjur af að svo stöddu.	Viðráðanlegur skortur á starfsfólki. Aukið vinnuálag, en ásættanlegt. Starfsmenn vinna meiri yfirvinnu en þeir kæra sig um. Tími fer í að leita að fólki í vinnu. Lítið þarf að gerast til að út af bregði. Þörf á lágmarksaðstoð frá bakvarðasveit.	Verulegur skortur á starfsfólki. Mikil yfirvinna, vinnuálag óásættanlegt. Gæðum og öryggi ógnað. Veldur verulegum áhyggjum. Þörf á utanaðkomandi aðstoð frá bakvarðasveit.
Aðbúnaður (s.s. rými, rúmafjöldi, einangrunaraðstaða) Mælikvarðar: Fjöldi gangainnlagna. Verklagi varðandi einangrun ekki fylgt	Góður. Rými/húsnæði fullnægjandi. Rúmafjöldi nægilegur, einangrunaraðstaða fullnægjandi. Ekkert til að hafa áhyggjur af að svo stöddu.	Ásættanlegur. Ástand viðráðanlegt. Eitthvað um gangainnlagnir og brot á verklagi um einangrun. Lítið þarf að gerast til að út af bregði.	Óásættanlegur og ógnar gæðum og öryggi. Mikil um gangainnlagnir og brot á verklagi um einangrun. Veldur verulegum áhyggjum. Þörf á utanaðkomandi aðstoð.
Hlífðarbúnaður (s.s. hlífðarföt, hanskar, spritt) Mælikvarði: Skrá yfir það sem skortir	Nægjar birgðar. Ekkert til að hafa áhyggjur af að svo stöddu.	Farið að bera á skorti á búnaði en sleppur til. Lítið þarf að gerast til að út af bregði.	Skortur er á nauðsynjum, s.s. hlífðarbúnaði, hjúkrunarvörum og lyffjum. Skortur er óásættanlegur og ógnar gæðum og öryggi. Veldur verulegum áhyggjum. Þörf á utanaðkomandi aðstoð.
Mikilvægar rekstrarvörur og nauðsynleg lyf Mælikvarði: Skrá yfir það sem skortir	Nægjar birgðar. Ekkert til að hafa áhyggjur af að svo stöddu.	Farið að bera á skorti á búnaði en sleppur til. Lítið þarf að gerast til að út af bregði.	Skortur er á nauðsynlegum rekstrarvörum og lyffjum. Skortur er óásættanlegur og ógnar gæðum og öryggi. Veldur verulegum áhyggjum. Þörf á utanaðkomandi aðstoð.
Gæði og öryggi heilbrigðisþjónustu. Mælikvarðar: Samantekt mælikvarða hér að ofna um mönnun og vinnuálag, aðbúnað og hlífðarbúnað. Aukning fjölda/skráðra atvika	Gæði og öryggi eru góð. Ekkert til að hafa áhyggjur af að svo stöddu.	Gæði og öryggi eru ásættanleg. Lítið þarf að gerast til að út af bregði.	Gæði og öryggi eru óásættanleg. Ekki er hægt að sinna bráðatilfellum. Veldur verulegum áhyggjum. Þörf á utanaðkomandi aðstoð.
Rauð flögg. Mælikvarði: Sjá svarmöguleika	Engin rauð flögg til staðar. Ekkert til að hafa áhyggjur af að svo stöddu.	Gul flögg til staðar. Ástand þó ásættanlegt. Lítið þarf að gerast til að út af bregði.	Rauð flögg til staðar. Ástand óásættanlegt. Gæðum og öryggi er ógnað. Veldur verulegum áhyggjum. Þörf á utanaðkomandi aðstoð.
Tölulegar upplýsingar. Mælikvarði: Sjá svarmöguleika	Tölulegar upplýsingar gefa til kynna að ástand sé í góðu lagi, ekkert til að hafa áhyggjur af að svo stöddu.	Tölulegar upplýsingar gefa til kynna að ástand sé ásættanlegt. Lítið þarf að gerast til að út af bregði.	Tölulegar upplýsingar gefa til kynna að ástand sé óásættanlegt. Gæðum og öryggi er ógnað. Veldur verulegum áhyggjum. Þörf á utanaðkomandi aðstoð.